

Úrskurður

Agamál nr. 11/2018-2019

Viðburður:	Leikur Þórs Akureyri gegn ÍR í Dominos deild mfl. kk. sem leikinn var þann 25. október 2019
Kærði:	Daði Berg Grétarsson
Kærandi/ur:	Dómarar leiksins

Málavextir

Þann 26. október 2019 barst atvikaskýrsla dómara varðandi atvik í framangreindum leik. Í skýrslunni sagði:

„Leikmaður 49 (Daði Berg) fer upp í frákasta baráttu við leikmann 41 hjá Þór (Mantas). Dæmd er villa á Daða Berg í frákastinu og í kjölfarið ýtir hann í bak Mantas svo hann fellur í gólfið. Daði gengur svo í átt að Mantas þar sem hann liggur og sparkar boltanum í hann tvisvar sinnum og er mjög ógnandi í framkomu. Að dómurum leiksins vitandi var þessi hegðun algerlega að tilefnislausu og áttuðu dómarar leiksins sig ekki á hvað olli þessari hegðun.“

Undir rekstri málsins skoðaði nefndin myndbandsupptöku af vefmiðli visir.is - <https://www.visir.is/g/2019191029073/sjadu-handalogmalin-fyrir-nordan-tveir-reknir-ut-ur-husinu>

Athugasemdir bárust ekki frá ÍR.

Niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar

Skv. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd (hér eftir „reglugerðin“) úrskurðar nefndin um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara KKÍ í mótum á vegum KKÍ, enda fjalli hvorki FIBA World né FIBA Europe um málið.

Af skýrslu til nefndarinnar sem og myndbandsupptöku sem skoðuð var má sjá að hinn kærði sýnir af sér hegðun, sem á ekkert skylt við íþróttalega framkomu. Hinn kærði fer af nokkrum ákafa í frákast sem hann á litla möguleika á að ná. Lendir hann nokkuð harkalega á andstæðing sínum með hendur á öxlum hans. Í kjölfarið heldur hinn kærði áfram að ýta við andstæðing sínum, sem hefur misst jafnvægið og er á leiðinni í gólfið. Þegar andstæðingur hans hefur lent heldur hinn kærði áfram að sýna af sér ógnandi framkomu og sparkar tvisvar sinnum í boltann af stuttu færi svo að hann lendir á andstæðing hans. Í kjölfarið stendur andstæðingur hins kærða upp snögglega og sveiflar höndum í átt að hinum kærða. Kemur liðsfélagi hins kærða inn á milli og róast þá hlutirnir.

Nefndin hefur skoðað myndbandsupptökuna vandlega. Að mati nefndarinnar fellur háttsemi hins kærða undir ákvæði d. liðar 13. gr. reglugerðarinnar. Hinn kærði ýtti andstæðing sínum í gólfið að ósekju og sparkaði síðan boltanum af stuttu færi af alefli í hann. Mátti hinn kærði gera sér grein fyrir að þessi tvö föstu spörk í boltann hefðu getað valdið andstæðing hans skaða, sem nefndin metur sem tilraun til líkamsmeiðingar. Af þeim sökum telur nefndin rétt að fella þetta undir d. liðinn.

Í d. lið 13. gr. reglugerðarinnar segir að úrskurða skuli í þriggja leikja bann nema atlagan hafi haft alvarlegar afleiðingar en þá er nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi í tímabundið leikbann í öllum flokkum. Atlagan hafði ekki alvarlegar afleiðingar.

Með vísan til ákvæðis d. liðar 13. gr. reglugerðarinnar skal hinn kærði sæta þriggja leikja banni vegna hins kærða atviks.

Úrskurðarorð

Hinn kærði, Daði Berg Grétarsson, skal sæta þriggja leikja banni vegna háttsemi sinnar í leik Þórs Akureyri gegn ÍR í Dominos deild mfl. kk. sem leikinn var þann 25. október 2019.

Reykjavík 5. nóvember 2019

Þórolfur Heiðar Þorsteinsson, formaður

Björgvin Björnsson, varaformaður

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður

Kristinn G. Kristinsson

María Káradóttir

Birkir Guðmundarson